

Útlendingi er skylt að veita upplýsingar þær, er um ræðir í 2 málsgr., og ber að undirrita komutilkynningu ásamt gestgjafa. Útlendingi er og skylt að sýna ferðaskilríki, svo að gengið verði úr skugga um, að rétt sé frá skýrt.

Tilkynningar þær, sem um ræðir í 1. málsgr., skal rita á þar til gerð eyðublöð fyrir hvern útlending fyrir sig. Lögreglustjóri getur þó leyft, að þátttakendur hópferðar séu færðir á sameiginlega skrá, sem fararstjóri undirritar.

31. gr.

Þjóðskránni ber að veita útlendingaeftirlitinu upplýsingar á þar til gerðum eyðublöðum um útlendinga þá, er hún fær vitneskju um. Sama gildir um sjúkra-samlög hvað snertir útlendinga, er öðlast samlagsréttindi hér á landi.

32. gr.

Nú hefur útlendingi verið refsað hér á landi og ber þá sakaskrá ríkisins að gera útlendingaeftirlitinu aðvart um það.

33. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi heldur lögreglustjóri spjaldskrá yfir útlendinga, er þar eiga búsetu (dvelja). Afrit af skránni skal senda útlendingaeftirlitinu. Nú flytzt útlendingur úr umdæmi og skal þá nema spjald hans úr skránni og tilkynna útlendingaeftirlitinu um brottförina.

34. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum.

35. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 45 12. maí 1965 öðlast gildi 1. janúar 1966 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er úr gildi felld reglugerð frá 24. maí 1937 um sama efni.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. september 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um komu- og brottfararstaði fyrir útlendinga hér á landi, sbr. 17. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum, útg. 3. september 1965.

Ákveðið hefur verið, að útlendingum skuli heimil landganga eða för úr landi um eftirfarandi hafnir og flugvelli:

Reykjavík,
Reykjavíkurlflugvöllur,
Akranes,
Patreksfjörður,
Ísafjörður,
Sauðárkrókur,
Siglufjörður,

Akureyri,
Húsavík,
Seyðisfjörður,
Neskaupstaður,
Reyðarfjörður,
Fáskrúðsfjörður,
Vestmannaeyjar,
Keflavík,
Keflavíkurflugvöllur,
Hafnarfjörður.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. september 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Elias I. Eliasson.

21. september 1965.

Nr. 150.

REGLUGERÐ

um lánveitingar húsnæðismálastjórnar.

1. gr.

Á vegum húsnæðismálastjórnar er til útlána eða framkvæmda það fé, sem hér greinir:

1. a) Fé byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 4. gr. l. nr. 19 1965.
- b) Sparnaðarfé, samkvæmt 9. og 10. gr. l. nr. 19 1965.
- c) Fé það, sem aflast með sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa) samkvæmt 5. og 6. gr. l. nr. 19 1965 frá Atvinnuleysistryggingasjóði, en fyrir árlegt framlag ríkissjóðs til þess sjóðs skal kaupa slík bréf, enn fremur frá tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og öðrum aðilum.
- d) Erlend lán, sem byggingasjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

2. gr.

Lán á vegum húsnæðismálastjórnar veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbyggingar eða til kaupa á nýjum íbúðum. Lánin skal þó því aðeins veita, að skriflegt loforð fyrir veitingunni hafi verið gefið áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða að kaup á nýjum íbúðum eru gerð. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um hve lengi lánsloforð gildi, verði byggingin ekki veðhæf á hæfilegum tíma, að mati hennar. Lánin skulu greidd lántakanda í peningum og koma til útborgunar tvisvar á ári (vor og haust) og þá í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, þannig:

- 1) Fyrri helming lánsins, eftir að umsækjandi leggur fram vottorð byggingaryfirvalds um, að húsið (sem viðkomandi íbúð er í) sé orðið fokhelt, enda meti fulltrúar veðdeildar og húsnæðismálastjórnar, samkvæmt teikningu, húsið eða íbúðina í því ástandi.
- 2) Eftirstöðvar lánsloforðs (síðari hluti), þegar íbúðin hefur náð tilskyldu mati samkvæmt virðingargerð matsmanna.

Lánin skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, með 4% ársvöxtum og jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán), en greiðist síðan á 25 árum.